



Fundargerð

Svæðisráð vestursvæðis - 68. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn Miðási, 31. maí 2018, kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Ásta Berghildur Ólafsdóttir formaður, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir svæðisráðsfulltrúi, Ólafía Jakobsdóttir fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Hákon Gunnarsson fulltrúi útivistarfélaga, Fanney Ásgeirsdóttir þjóðgarðsvörður og Jóna Björk Jónsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Fundargerð ritaði: Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.

1. Vestursvæði - af vettvangi stjórnar - 1805025

Formaður fer yfir málefni af síðasta stjórnarfundi.

Vonarskarð: Svæðisráði er falið að fara yfir málið og senda greinargerð og afgreiðslu máls til stjórnar. Ákveðið að senda afrit til umhverfissráðherra. Þjóðgarðsverði falið að taka saman umsögn.

Fræðslustefnan er að verða tilbúin, líklega í næstu viku. Hugmynd að gera eitthvað með hana fyrir norðan þann 7.júní.

Viðbótarfjármagn: Svæðisráðsformennirnir tóku að sér að skipta viðbótinni milli svæða og er það frágengið.

2. Vestursvæði - starfsmannahald sumar 2018 - 1805015

Þjóðgarðsvörður fer yfir skipulag sumarsins, starfsmannahald, tímabil o.þ.h.

Samtals 9 stöðugildi á hálendinu og 3 á Skaftárstofu yfir háönn (18.júní - 15. ágúst) eftir það fer að fækka. Stefnan að hafa Skaftárstofu opna allt árið með lágmarksmönnun og lokað um helgar í vetur.

Svæðisráð þakkar kynninguna og ítrekar mikilvægi þess að launaliðurinn haldist innan ramma fjárhagsáætlunar.

Húsaskjól, á hálendinu og í byggð.

3. Vestursvæði-leigusamningar - 1805016

Samningar og samstarf vegna húsnæðis og reksturs á hálendinu.

Nýidalur - nýtt hús væntanlegt í Nýjadal um leið og vegir þola slíkan flutning. Samningur um leigu til 5 ára er í vinnslu, beðið eftir drögum frá FÍ. Leiguhugmynd er 750.000 á ári, fyrir húsnæði (gas, fjarskipti og annað)og aðstöðu fyrir upplýsingagjöf á neðri hæð í stóra húsinu.

Hólaskjól - nýir leigusalar, sama verð og í fyrra. Beiðni um að við greiðum sumarið fyrirfram, engin ástæða til að verða ekki við því.

Blágil - búið að endurnýja samninginn til fimm ára. Við þurfum að afla rekstrarleyfis fyrir skálann en til þess þarf vottorð ríkissjóðs um skuldastöðu Vatnajökulsþjóðgarðs og hann verður að vera skuldlaus við ríkissjóð á þeim tímapunkti. Formaður svæðisráðs tekur að

sér að ganga frá þessu við fjármálastjóra.

Hrauneyjar - fáum Hald, eins og í fyrra og deilum kostnaði með UST.

Hæðargarður - samningur um leigu á hlöðunni, ótímabundinn samningur en uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara. Er í þinglýsingu.

Þverá - svæðisráðsformaður óskaði eftir afriti af samningi frá framkvæmdastjóra en það hefur ekki borist. Ekki hægt að fjalla um það að svo stöddu.

6. Vestursvæði - Gestastofa - 1805024

Bygging gestastofu er nú fullfjármögnuð. Nú þarf að fara yfir teikningar, velta fyrir sér meginþráðum í sýningu og ræða brúna góðu - svo eitthvað sé nefnt.

Farið yfir teikningar að gestastofu.

Sýning: Mikilvægt að svæðisráð komi að því að leggja línur áður en einhver hönnuður fær verkið í hendurnar. Meginþræðir í sýningu: Eldurinn og afleiðingar/ummerki hans: Lakagígar/Móðuharðindi,sagan, Jón Steingrímsson, jarðfræðin(móbergshryggirnir), jökulárnar og jökulhlaupin, hraun og mosi.

Brúin: Vinir Vatnajökuls tilbúnir að sækja um styrk og leggja fram mótframlagið. Þarf að komast á hreint hver á að eiga brúna að byggingu lokinni. Svæðisráð leggur til að brúin verði eign Vatnajökulspjóðgarðs.

Svæðisráð mun leggja línur í sumar að fyrirkomulagi veitingareksturs í gestastofunni.

7. Vestursvæði - S&V - 1805026

Tillaga frá þjóðgarðsvörðum að breytingum á drónaákvæði S&V

Svæðisráð tekur undir tillögu þjóðgarðsvarða um frekari takmörkun á notkun dróna í þjóðgarðinum.

4. Vestursvæði - styrkir o.fl - 1805021

Með landvörðum í Laka - styrkur frá Skaftárhreppi til framtíðar.

Krakkastígur við gestastofu: Leikum með landið.

Drifting apart - styrkur til endurnýjunar á skiltum.

Kynning á fyrirhuguðum viðburði í Laka, sem hefur fengið nafnið "Með landvörðum í Laka" Í samræmi við Fræðsluáætlun VJP sem væntanleg er á næstunni erum við að leggja upp með að vera með meiri fræðslu og kynningu á starfi garðsins fyrir nærsamfélagið. Hugmyndin í fræðsluáætluninni er að vera með tvo viðburði á ári sem miðist að nærsamfélaginu. Við ákváðum að byrja strax á vestursvæði og skipulögðum tvo viðburði á þessu ári. Annar var um daginn í Jarðvangsvíkunni, á Skaftárstofu, þar sem við buðum nemendum Kirkjubæjarskóla að koma til okkar í ratleik. Hinn er áætlaður á hálandinu í júlí. Þar sem við vildum auka möguleika eldra fólksins okkar til að koma og vera með sóttum við um styrk í verkefnið svo hægt væri að bjóða eldri borgurum upp á sætaferðir og taka á móti gestum með smá veitingum. Brothættar byggðir -

Skaftárhreppur til framtíðar samþykkti umsóknina og veitir 250.000 kr. í verkefnið.

Krakkastígur við gestastofu. Okkur bauðst að gera samstarfssamning við SASS, sem hluta af Sóknaráætlun Suðurlands, um gerð fræðsluefnis fyrir börn. Við tengdum þetta við Krakkastíginn okkar sem er að mjakast upp úr hýðinu og hyggjumst nýta styrkinn frá SASS til að útbúa bækling sem verður ítarefni við Krakkastíginn og gerir það að verkum að stígurinn nýtist til fræðslu óháð opnunartíma Skaftárstofu. Skv. samningi greiðir SASS allt að 500.000 kr. í þetta verkefni. Bæklingurinn átti að vera klár núna en vegna tafa sem urðu á hönnun stöðvanna á stígnum er hann í biðstöðu en verður kláraður svo fljótt sem auðið er.

Drifting apart - styrkur til endurnýjunar á skiltum. Í gegnum samstarfið við Köttlu Jarðvang urðum við þátttakendur í verkefni sem heitir Drifting apart. Þaðan fengum við styrk til endurnýjunar á upplýsingaskiltum á jarðminjastöðum (geosites). Þetta voru skilti sem þurfti að endurnýja (alls sjö skilti) og styrkurinn á að dekka allan kostnað við kortagerð og uppsetningu - alls 420.524 kr. Við þurfum því aðeins að borga endurprentun á plöturnar okkar. Ekki er búið að greiða reikningana, þeir eru í samþykktarferli hjá NPA/Byggingastofnun.

Svæðisráð lýsir ánægju sinni með þetta samstarf.

5. Vestursvæði - fréttabréf - 1805022

Útgáfa fréttabréfa og viðburðadagatala.

Stefnt að útgáfu fréttabréfs í lok júní þar sem komi fram fréttir af sumarstarfi, framkvæmdum og viðburðum á næstunni.

Fundi slitið kl. 18:00.
